

ÆTTAR- PÓSTURINN

18

11. árg.

nóvember 2001

1. tbl.

Meiður — ættarfélag

Þau tíðindi gerðust austurá Egilsstöðum þann 14. júlí sl. sumar að stofnað var félag með afkomendum Gísla og Dagnýjar í Skógargærði. Frá tildrögum og undirbúningi er greint inni í blaðinu.

Megintilgangur félagsins er að eiga gamla húsið í Skógargærði og sjá um rekstur þess. Er nú verið að ganga frá samningum við Víking Gíslason um það efni en hann er eigandi jarðarinnar einsog kunnugt er. Á fundinum var félaginu kosin bráðabirgðastjórn og var henni falið að vinna að vexti og viðgáangi félagsins framað (framhalds)aðalfundi sem haldin verður næsta vor. Stjórnin stífur nú spor í þessa átt með því bjóða öllum þeim afkomendum Gísla og Dagnýjar, sem náð hafa 18 ára aldri, aðild að félaginu og skulu þeir staðfesta hana með því að borga meðfylgjandi greiðsluseðil — en á stofnfundi var ákveðið að árgjald í félaginu skyldi fyrst um sinn vera kr. 3000.

Foreldrar geta gert börn sín yngri en 18 ára að félagsmönnum, ef þeir óska þess, með því að greiða árgjald inná reikninginn fyrir þau og láta þá fylgja með nafn og kennitölu.

Aðild að félaginu veitir fullan rétt til íhlutunar um málefni þess og félagar öðlast rétt til að dvelja í Skógargærðishúsi eftir reglum sem þar um verða settar. Á stofnfundinum var kosin bráðabirgðastjórn til eins árs og samþykkt að koma á fót fulltrúaráði (ættarráði) þarsem væri fulltrúi frá hverri ættkvísl. —> Skrá um stjórn og fulltrúaráð er á bls 4.

Næsta blað af *ÆP* kemur út eftir áramót og verður þar gerð nánari grein fyrir störfum stjórnarinnar og áformum hennar. Eru allar hugmyndir og ábendingar vel þagnar.

*Samtaka nú Skógargærðisfólk!
Gerum Meið
að stóru tré og sterku*

Aðdragandi — undirbúningur

Það mun hafa verið um eða uppúr síðasta ættarmóti að elsta kynslóðin fór að velta fyrir sér ýmsum alvarlegum málum, einkum því hvað yrði um gamla húsið í Skógargerði þegar þessi kynslóð verður ekki leingur hér. En einsog kunnugt er lagði þessi kynslóð, skógargerðissystkin svo nefnd, í að endurgera húsið og var að því unnið á tímabilinu 1985–90 og þó nokkru leingur. Þessi systkynahópur var stór einsog allir vita en samkvæmt lögmálinu fækkar smásaman í honum.

Nú var farið að viðra þessi mál við kynslóð nr. 2 og tók hún vel slíku erindi. Voru það fyrst einkum þeir Baldur Pálsson og Gísli Sigurgeirsson sem létu sig málið varða. Þeir áttu tal um þetta við Víking bónda sem hefur verið skráður eigandi hússins (einsog jarðarinnar) og kom þá fljótlega fram hugmyndin um stofnun félags til að sjá um húsið og rekstur þess. Þegar fram kom á haustið var að frumkvæði systkinanna komið á fót starfshópi eða nefnd til að kanna málið með það í huga að undirbúa stofnun félags.

Þessi áttu sæti í nefndinni: Baldur Pálsson, Dagný Marinósdóttir og Gísli Sigurgeirsson. Rósa Kristín Marinósdóttir var ritari nefndarinnar (hún kann svo vel á tölvu). Er skemst frá því að segja að þetta fólk vann ótullega að sínu verki og lauk því nú í vor.

Stofnfundur — félagslög

Einsog áður sagði var stofnfundur svo haldinn þann 14. júlí. Var þar einróma samþykkt að ganga til félagsstofnunar. Þar var einnig farið vandlega yfir uppkast það að lögum handa félaginu sem undirbúningsnefndin hafði tekið saman. Fara samþykktir fundarins þar um hér á eftir.

1.

- 1.1 Félagið heitir *Meiður*.
- 1.2 Heimili félagsins og varnarþing er í Skógargerði, 701 Egilsstaðir.
- 1.3 Tilgangur félagsins er að eiga og annast gamla húsið í Skógargerði ásamt landi sem því fylgir.
- 1.4 Félagið starfar í samvinnu við ábúanda í Skógargerði.
- 1.5 Félagið vinnur að útgáfu og kynningarstarfsemi innan Skógargerðisættarinnar.

2.

- 2.1 Félagsmenn eru allir afkomendur Gísla Helgasonar og Dagnýjar Pálsdóttur sem það kjósa.
- 2.2 Allir félagsmenn hafa málfrelsi, tillögurétt og atkvæðisrétt á fundum.
- 2.3 Úrsögn úr félaginu telst ekki gild nema hún sé skrifleg, rökstudd og berist gjaldkera fyrir aðalfund.
- 2.4 Stjórn félagsins getur vísað einstaklingum úr félaginu vinni þeir gegn tilgangi þess og starfsemi.

3.

- 3.1 Aðalfundur hefur æðsta vald í málefnum félagsins.
- 3.2 Aðalfundur er haldinn í apríl ár hvert og boðar stjórn til hans með minnst mánaðar fyrirvara. Ættarmótsár er fundurinn haldinn í tengslum við mótið.
- 3.3 Aðalfundur telst lögmætur sé löglega til hans boðað.
- 3.4 Á aðalfundi er flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins, endurskoðaðir reikningar lagðir fram, kosin framkvæmdastjórn, skoðunarmenn reikninga og fastanefndir, og teknar ákvarðanir um stefnu og starf félagsins.
- 3.5 Reikningsár félagsins er almanaksár.
- 3.6 Aðalfundur ákveður félagsgjöld.

4.

- 4.1 Með stjórn félagsins fara fulltrúaráð og framkvæmdastjórn.
- 4.2 Ættkvíslirnar velja hver úr sínum hópi 1 fulltrúa og 1 varamann í fulltrúaráð.
- 4.3 Á aðalfundi eru kosnir 3 fulltrúar og 2 varamenn í framkvæmdastjórn.
- 4.4 Framkvæmdastjórn skiptir sjálf með sér verkum, starfar samkvæmt ákvörðunum aðalfundar og er ábyrg gagnvart honum hvað varðar störf og ákvarðanir.
- 4.5 Fulltrúaráð og framkvæmdastjórn eru kosin til 5 ára og enda feril sinn með því að halda ættarmót.
- 4.6 Fulltrúaráð og framkvæmdastjórn halda fundi eftir þörfum og boða til þeirra á sannanlegan hátt.
- 4.7 Framkvæmdastjórn fer með málefni félagsins milli funda og formaður stjórnarinnar milli funda hennar.
- 4.8 Framkvæmdastjórn getur skipað nefndir til að starfa að afmörkuðum verkefnum.

5.

- 5.1 Félaginu verður ekki slitið nema 3/4 félagsmanna séu því samþykkir. Fasteignir félagsins verða þá í varðveislu ábúanda í Skógargerði þar til annað félag yrði stofnað í samvinnu við hann. Fráfarandi stjórn ráðstafar lausafé.

Hér má draga fram að undirbúningsnefnd hafði staðið sig með ágætum í lagasmíð. Nokkrar vágaveltur urðu á fundinum um fáein atriði, einkum um nafn félagsins. Komu þar fram ýmsar hugmyndir. Var síðast kosið um tvö nöfn: *Meiður* og *Ættbogi*. Hlaut fyrra nafnið yfirgnæfandi meirihluta atkvæða en tillaga um það nafn kom frá Gísla H. Guðnasyni.

— Fundarsókn var heldur dræm. 21 maður kom á fundinn. —

Í bráðabirgðastjórn

- *Baldur Pálsson*, formaður, Sunnufelli 4, 701 Egilsstaðir.
Sími: 861 2164. Netfang: brunav@simnet.is
- *Dagný Marinósdóttir*, ritari, Freyjugötu 11a, 101 Rvík.
Sími: 899 0811. Netfang: dagnym@ismennt.is
- *Sigríður Þorvaldsdóttir*, gjaldkeri, Bakkastíg 4 101 Rvík
Sími 552 4119. Netfang: sth@hi.is

Til vara:

- *Indriði Gíslason* Barmahlíð 32, 105 Rvík. Sími 562 5743
- *Víkingur Gíslason* Skógargarði, 701 Egilsstaðir. Sími 471 1935.

Í fulltrúaráði

Númerin vísa til niðjatala í *Skógargarðisbók*, bls 293 o. áfr.
— Varamenn eru taldir síðar.

- 2a Dagný Sigurðardóttir – Gísli Sigurðsson.
- 2b Björn Helgason – Helgi Gíslason.
- 2c Baldur Pálsson – Ingunn Pálsdóttir.
- 2d Dagný Sigurgeirsdóttir – Sigurlína Ármann Sigurgeirsdóttir.
- 2e Helgi Ómar Bragason.
- 2f Dagný Hermannsdóttir – Hermann Hermannsson.
- 2g Ragnheiður Guðnadóttir – Gísli Hákon Guðnason.
- 2h Dagný Marinósdóttir – Rósa Kristín Marinósdóttir.
- 2i Bergþóra Gísladóttir – Ragnheiður Guðnadóttir.
- 2j Sólveig Gísladóttir – Sigríður Þorvaldsdóttir.
- 2k Ólöf Gísladóttir.
- 2l Ragnhildur R. Indriðadóttir – Indriði Gíslason.
- 2m Víkingur Gíslason – Sigfús Ingi Víkingsson.

Mikils er vert um fulltrúaráð (ættarráð). Það starfar með framkvæmdastjórn. Hver fulltrúi er teingiliður við sína ættkvísl, miðlar upplýsingum, óskum og tillögum frá henni til stjórnar og/eða funda eftir atvikum. Ráðið á að tryggja jafnræði í félagsskapnum og réttláta meðferð mála. Það fundar eftir þörfum, með eða án framkvæmdastjórnar.

— Kynnið ykkur félagslögin. Þau eru inni í blaðinu. —

Ættarpósturinn

Útgefandi: *Meiður*, ættarfélag.

Ritstj.: Indriði Gíslason Barmahlíð 32, 105 Rvík.

Símar: 562 5743 og 866 3518. Netfang: indridi@ismennt.is

Ættarpósturinn 18